

# **Spölur ehf**

## **Ársreikningur 2022**

Spölur ehf.  
Kennitala 511295-2119  
Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Skýringar .....	6-10

Spölur ehf.  
Kennitala 511295-2119  
Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Starfsemin á árinu

Spölur ehf. rak Hvalfjarðargöngin á árunum 1998-2018.

Frá og með 28. september 2018 var allur akstur í gegn um göngin gjaldfrjáls og göngin afhent íslenska ríkinu. Eftir afhendingardag var unnið að því að gera upp við þá viðskiptavini sem áttu inneign á viðskiptamannareikningi sínum miðað við þann dag þegar gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum var hætt, endurgreiðslu á skilagjaldi vegna veglykla sem hefur verið skilað og endurgreiðslu á afsláttarmiðum. Haustið 2022 er fjögurra ára fyrningarfrestur liðinn og hafa eftistöðvar skuldbindinga sem koma fram í ársreikningi vegna fyrirframinnheimtra tekna og veglykla, sem ekki hefur verið gerð krafa um, verið færðar til tekna í lok árs 2022.

Á árinu voru engir starfsmenn hjá félaginu.

Rekstrarkostnaður var 50,9 mkr. Tap nam 8,4 mkr.

Rekstur og vöktun með Hvalfjarðargöngum er á vegum Vegagerðarinnar. Leggur Vegagerðin til verkefni varðandi öryggisaðgerðir í Hvalfjarðargöngum.

## Jöfnun taps

Stjórn vísar til ársreiknings varðandi jöfnun taps á árinu.

## Eignaraðild

Í upphafi og lok árs var Vegagerðin eini hluthafi í félaginu.

	Lok árs 2022
Vegagerðin .....	100%
	<u>100%</u>

Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2023

**Stjórn Spalar ehf.**

Helgi Gunnarsson, formaður

Guðmundur Valur Guðmundsson

Magnús Valur Jóhannsson

Bergþóra Þorkelsdóttir

Stefán Erlendsson

## Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

### Til stjórnar og hluthafa Spalar ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Spalar ehf. fyrir árið 2022 og við vinnu okkar byggð á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirætlunum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggð á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 24. ágúst 2023

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	1/1 22 - 31/12 22	1/1 21 - 31/12 21
Eftirstöðvar skuldbindinga .....	11	39.989.831	0
		<u>39.989.831</u>	<u>0</u>
Viðhald og rekstur ganga .....		(48.849.781)	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(2.143.537)	(2.290.439)
		<u>(50.993.318)</u>	<u>(2.290.439)</u>
<b>Rekstrartap</b>		(11.003.487)	(2.290.439)
Vaxtatekjur .....	4	2.601.026	240.284
Vaxtagjöld og verðbætur .....	4	(1.455)	(5.572)
		<u>2.599.571</u>	<u>234.712</u>
<b>Tap fyrir skatta</b>		(8.403.916)	(2.055.727)
Tekjuskattur .....	9	0	0
<b>Tap ársins</b>		<u>(8.403.916)</u>	<u>(2.055.727)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31/12 2022	31/12 2021
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	5	564.266	117.423
Aðrar skammtímakröfur .....		0	539.071
Handbært fé .....	6	65.121.860	112.371.610
		<u>65.686.126</u>	<u>113.028.103</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>65.686.126</u>	<u>113.028.103</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	7	500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður .....		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé .....		63.977.003	72.380.919
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>64.602.003</u>	<u>73.005.919</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	8	1.084.123	0
Skuldbinding vegna veglykla .....	10, 11	0	3.611.486
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	11	0	36.410.698
		<u>1.084.123</u>	<u>40.022.184</u>
<b>Skuldir samtals</b>		1.084.123	40.022.184
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>65.686.126</u>	<u>113.028.103</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Spölur ehf. sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð og sér um rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um veltengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Spölur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### 2.3 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

### 2.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuld er skuldbinding um að greiða fyrir vöru eða þjónustu vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað.

Viðskiptaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

### 2.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.6 Tekjuskattur, tekjuskattskuldbinding og -eign

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum, kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

## Skýringar

### 2.7 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Aðrar skuldbindingar samanstanda af skilagjaldi veglykla. Stjórnendur hafa fært eftistöðvar skuldbindinga sem koma fram í ársreikningi vegna veglykla, sem ekki hefur verið gerð krafa um, til tekna í lok árs 2022.

### 2.8 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur er fyrirframgreiðsla viðskiptavina vegna ferða um Hvalfjarðargöngin. Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda. Stjórnendur hafa fært eftistöðvar skuldbindinga sem koma fram í ársreikningi vegna fyrirfram innheimtra tekna, sem ekki hefur verið gerð krafa um, til tekna í lok árs 2022.

### 2.9 Innlausn tekna

Veggjald er fært til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum virðisaukaskatti og sölukostnaði vegna veglykla. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma þjónustu.

Tekjur eru færðar í rekstrarreikningi þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar á áreiðanlegan hátt. Nú eru færðar niður skuldbindingar vegna veglykla og fyrirfram innheimtar tekjur og þ.a.l. myndast tekjur í rekstrarreikningi vegna þessa.

### 2.10 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðuð við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

## 3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitid er að séu skynsamlegar miðuð við aðstæður. Félagið vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri.



## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1/1 22 - 31/12 22	1/1 21 - 31/12 21
Vaxtatekjur:		
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	2.601.026	240.284
Höfuðstólslækkun langtímalána .....	0	0
	2.601.026	240.284
Vaxtagjöld og verðbætur:		
Önnur vaxtagjöld .....	(1.455)	(5.572)
	(1.455)	(5.572)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) - nettó .....	2.599.571	234.712

### 5. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

	31/12 2022	31/12 2021
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður:		
Viðskiptakröfur .....	0	66.598
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	0	0
Viðskiptakröfur, nettó .....	0	66.598
Aðrar viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	564.266	50.825
	564.266	117.423

### 6. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum.

### 7. Eigið fé

#### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er að fjárhæð 500 þús.kr. (2021: 500 þús.kr.) Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Allt hlutfé hefur verið greitt.

#### Lögbundinn varasjóður

Lagt hefur verið í lögbundinn varasjóð í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2021:</b>				
Staða í ársbyrjun .....	500.000	125.000	74.436.646	75.061.646
Heildartap ársins .....			(2.055.727)	(2.055.727)
Staða í árslok .....	500.000	125.000	72.380.919	73.005.919
<b>Hreyfingar 2022:</b>				
Staða í ársbyrjun .....	500.000	125.000	72.380.919	73.005.919
Heildartap ársins .....			(8.403.916)	(8.403.916)
Staða í árslok .....	500.000	125.000	63.977.003	64.602.003

## Skýringar

### 8. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

	31/12 2022	31/12 2021
Skuld við tengda aðila .....	1.084.123	0
	<u>1.084.123</u>	<u>0</u>

Gangvirði viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda er talið vera bókfært virði þeirra.

### 9. Tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2021 .....	(102.327.226)
Tekjuskattur .....	(407.485)
Tekjuskattur til greiðslu 2021 vegna 2021 .....	0
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2021 .....	<u>(102.734.712)</u>
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2022 .....	(102.734.712)
Tekjuskattur .....	(1.677.123)
Tekjuskattur til greiðslu 2022 vegna 2022 .....	0
(Tekjuskattseign) tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2022 .....	<u>(104.411.835)</u>

(Tekjuskattseign) tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	31/12 2022	31/12 2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	0	0
Yfirfæranlegt tap .....	(104.411.835)	(102.734.712)
	<u>(104.411.835)</u>	<u>(102.734.712)</u>
Tekjuskattseign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	104.411.835	102.734.712
	<u>0</u>	<u>0</u>

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skatteign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Tekjuskattur félagsins er áætlaður kr. 0 en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta o.fl.

Tap ársins 2018 nýtanlegt til ársloka 2028 .....	(380.576.036)
Tap ársins 2019 nýtanlegt til ársloka 2029 .....	(70.722.916)
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	(60.337.180)
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 .....	(2.037.427)
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 .....	(8.385.616)
	<u>(522.059.175)</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2022	2021
Tap fyrir skatta .....	(8.403.916)	(2.055.727)
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall .....	1.680.783	411.145
Ófrádráttarbær gjöld .....	(3.660)	(3.660)
	<u>1.677.123</u>	<u>407.485</u>

## Skýringar

### 10. Skuldbinding veglykla

Skuldbinding veglykla:		
Staða 1. janúar 2021 .....		3.611.486
Endurgreiddir og eyddir veglyklar .....		0
Staða 31. desember 2021 .....		<u>3.611.486</u>
Staða 1. janúar 2022 .....		3.611.486
Endurgreiddir og eyddir veglyklar .....		0
Fyrning kröfuréttinda .....		<u>(3.611.486)</u>
Staða 31. desember 2022 .....		<u>0</u>
Greining á heildar skuldbindingum:	<b>31/12 2022</b>	<b>31/12 2021</b>
Skuldbinding veglykla .....	<u>0</u>	<u>3.611.486</u>

Skuldbinding veglykla samanstendur af skilagjaldi þeirra sem áætlað er að endurgreiða við umsamin lok innheimtu veggjalda. Upphæð skuldbindingarinnar er sú hámarksfjárhæð sem verður greidd ef allir skila inn veglyklinum. Stjórnendur hafa fært eftistöðvar skuldbindinga sem koma fram í ársreikningi vegna veglykla, sem ekki hefur verið gerð krafa um, til tekna í lok árs 2022.

### 11. Aðrar upplýsingar

Þann 30. september 2018 var undirritaður samningur á milli Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf. um afhendingu Hvalfjarðarganga til íslenska ríkisins. Veggöngin voru afhent til ríkis þann sama dag og áttu áhættuskipti sér stað að auki þennan dag. Haustið 2018 auglýsti Spölur ehf. skilafrest veglykla og afsláttarmiða og þar með endurgreiðslu þeirra. Frá þeim tíma er búið að endurgreiða allar kröfur sem gerðar hafa verið vegna fyrirframgreiddra ferða og veglykla.

Það er mat stjórnar félagsins að fjögurra ára almennur fyrningafrestur kröfuréttinda skv. lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, eigi við um kröfur um endurgreiðslur og var því tímamarki náð haustið 2022. Stjórnendur hafa fært eftistöðvar skuldbindinga sem koma fram í ársreikningi vegna fyrirfram innheimtra tekna og veglykla, sem ekki hefur verið gerð krafa um, til tekna í lok árs 2022.